

Akureyrarkaupstaður  
Skipulagsráð  
Geislagata 9  
600 Akureyri

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMER:

DAGS.:

NR.:

04108

2019-06-11

01

**Beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir skólpdælulögn, sem leggja á milli forsmíðaðra skólpdælustöðva sem komið verður fyrir neðanjarðar austan Skógarhlíðar í Hörgársveit og við Sjafnargötu á Akureyri.**

**Einnig er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir bráðabirgðastíg yfir Lónsá.**

Sótt er um framkvæmdarleyfi fyrir hönd:

Norðurorku kt. 550978-0169

Hörgársveitar kt. 510101-3830

Umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarkaupstaðar kt. 410169-6229,  
í samræmi við 1. mgr. 13. gr. skipulagsbla nr. 123/2010 vegna skólpdælulagnar frá skólpdælustöð austan Skógarhlíðar að skólpdælustöð við Sjafnargötu.

Samhljóða bréf er sent til Hörgársveitar og Skipulagsráðs Akureyrar. Beiðni um framkvæmdaleyfi nær aðeins til framkvæmdar innan hvors sveitarfélags fyrir sig.

## Lýsing á framkvæmd

Settar verða niður tvær forsmíðaðar skólpdælustöðvar sem verða neðanjarðar, annars vegar við norðaustur horn Sjafnargötu, Akureyri og hins vegar á opnu svæði norðan við núverandi rotþró og austan við Skógarhlíð 16 Hörgársveit. Á milli þeirra verður lögð peh180 þrýstilögn.

Stöðin við Sjafnargötu tekur við skólpi frá skilgreindu iðnaðarsvæði AT8 skv. aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.

Stöðin austan Skógarhlíðar tekur við skólpi frá núverandi íbúðabyggð og athafnasvæði við Lónsbakka í Hörgársveit. Ný íbúðabyggð vestan Birkihlíðar og Kjötvinnsla B Jensen við Lónsveg munu einnig tengjast við lagnakerfið og að dælustöð.

Ræsi verður sett í Lónsá þar sem væntanleg vegtenging milli Sjafnargötu og Lónsvegar kemur og fyllingar yfir það þannig að nægjanlegt dýpi fáið fyrir skólpdælulögnina. Á þá fyllingu kemur til bráðabirgða göngustígur milli Sjafnargötu og Lónsvegar.

## Aðkoma

Aðkoma að svæðinu er um Sjafnargötu, Lónsveg, frá plani við ÁK-smíði og um slóða að núverandi rotþró.

## Umgengni

Jarðraski verður haldið í lágmarki. Öll umferð bíla og vinnuvéla verður óheimil utan vinnusvæða. Gerð verður krafa til verktaka að hann fjarlægi alla efnisafganga jafnóðum.



## Deiliskipulag

Á deiliskipulagi Akureyrarbæjar fyrir Sjafnargötu er gert ráð fyrir að tenging komi frá NA-horni Sjafnargötu við Lónsveg. Í deiliskipulagi fyrir Lónsbakkahverfi Hörgársveit er einnig gert ráð fyrir slíkri tengingu.

## Framkvæmdatími

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu hefjast 2019 og ljúka í síðasta lagi 2020.

Virðingarfyllst, f.h. Norðurorku, Hörgársveitar og Umhverfis og mannvirkjasviðs Akureyrarkaupstaðar

Magnús Magnússon

Magnús Magnússon, VERKÍS hf.

Afrit sent til:

Tómas Björn Hauksson, forstöðumaður nýframkvæmdadeilda

Stefán Steindórsson, sviðsstjóri veitu- og tæknisviðs Norðurorku

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveit

Fylgiskjöl:

HSV.M01.001-2 Yfirlitsmynd við Sjafnargötu og Skógarhlíð